

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

5. janúar 2006

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2005

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 21,5 milljarða króna á tímabilinu, sem er 42,6 milljörðum betri útkoma heldur en áætlað var. Útkoman er jafnframt 29,6 milljörðum betri en á sama tíma í fyrra. Tekjurnar hækka um 55 milljarða að frátöldum söluhagnaði, á meðan gjöldin hækka um 22,9 milljarða milli ára. Hreinn lánsfjárfjórðuður er jákvæður um 70,4 milljarða króna miðað við 9,6 milljarða í fyrra. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 49 milljarða. Þar munar mestu um 66 milljarða sölu Landssímans, en á móti vegur 32 milljarða lækkan vegna sérstaks samkomulags um ávöxtun fjár hjá Seðla-banka Íslands.

**Heildartekjur ríkissjóðs** námu 360,8 milljörðum króna og jukust um 113 milljarða króna frá sama tímabili í fyrra, eða um 45,6%. Þar af skýrir fyrrnefnd sala Landssímans 62,4 milljarða. Skatttekjur ríkissjóðs í heild námu 279,4 milljörðum króna sem er 21,3% meiri innheimta en á sama tíma í fyrra. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 4% þannig að skatttekjur jukust að raungildi um 16,6%.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæplega 90,2 milljörðum króna og jukust um 17,8 milljarða frá sama tíma í fyrra. Þar munar mest um 7,7 milljarða króna aukna innheimtu tekna af fjármagnstekjuskatti sem að mestu skýrist með sölu Landssímans hf. og svo 5,9 milljarða króna aukna innheimtu tekjuskatta einstaklinga. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig á þessu tímabili eða um 16,4% en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,7% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam tæpum 14,4 milljörðum króna í nóvemberlok sem er aukning upp á 26,5% að raungildi og endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu um 23 milljörðum króna og jukust um 6,1 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Lands-símanum hf. og sektargreiðslum olíufélaganna.

Þróun almennra veltuskatta og þá sérstaklega virðisaukaskattsins gefur góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 19,5% frá fyrra ári, eða sem nemur 14,9% að raungildi. Þar munar mest um 21,1% meiri innheimtu tekna af virðisauka-skatti frá fyrra ári sem jafngildir 16,5% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að umtalsverð aukning varð í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um tæp 68%.


**Greidd gjöld** námu 279,9 milljörðum króna og hækka um 22,9 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,6 milljarðar af gjaldfærslu fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði Símans og 4,5 milljarðar af hækkun vaxta-greiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að þessum tveimur liðum frátöldum hækka gjöldin um 12,8 milljarða eða 5,2% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþingst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 178,3 milljarðar sem er nálægt 7% af heildargjöldunum. Þar kemur fram 10,7 milljarða króna hækkun milli ára, eða rúm 6%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 3,8 milljarðar og 3,7 mill-jarðar vegna fræðslumála sem er 15% hækkun milli ára. Greiðslur til almannatrygginga hækka hins vegar minna, eða um 2,3 milljarða frá því í fyrra. Hækkun annarra málaflokka er mun minni og í heild lækka greiðslur til atvinnumála um 0,8 milljarða, sem skýrist alfarið af lægri greiðslum vegna samgöngumála.

**Lánahreyfingar.** Afborganir lána námu 61,6 milljörðum og aukast um 90% milli ára. Þær skiptast þannig að 47,5 milljarðar eru vegna afborgana erlendra lána og 14,1 milljarðar vegna spariskírteina. Nýjar lántökur nema aðeins 7,7 milljörðum og eru allar innanlands. Að auki var 5,1 milljarður greiddur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Handbært fé ríkissjóðs hækkaði um 11,4 milljarða frá áramótum fram til nóvemberloka.

## Innflutningur í desember 2005

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts gefa til kynna að innflutningur í desember hafi numið tæpum 23 milljörðum króna. Ef tölurnar reynast réttar er innflutningur um 5 milljörðum króna lægri en í nóvember sem var stærsti innflutningsmánuður ársins. Munurinn skýrist að langmestu leyti af minni eldsneytisinnflutningi. Ef staðvirtur inn-flutningur án skipa og flugvéla í desember er borinn saman við sama mánuð árið á undan er um tæplega 26% aukningu að ræða. Tölf mánaða breyting á þriggja mánaða meðaltali staðvirts innflutnings án skipa og flugvéla leiðir í ljós rúmlega 33% aukningu.

### Vöruinnflutningur að raunvirði



Ef bráðabirgðatölur eru lagðar saman við innflutning síðustu 11 mánaða reyndist innflutningur án skipa og flugvéla fyrir árið 2005 vera tæpir 278 milljarðar króna sem er þriðjungs aukning frá síðasta ári. Helstu orsakir þessarar miklu aukningar má m.a. rekja til innflutnings á fjárfestingar-vörum sem var að stórum hluta tilkominn af stóriðjuframkvæmdum. Þá juku verðhækkunar eldsneytis á liðnu ári verðmæti innflutnings umtals-vert. Mikil aukning varð einnig í einkaneyslu, þar af jókst innflutningur á varanlegum og hálf-varanlegum neysluvörum mikið á árinu (dæmi um varanlegar neysluvörur eru heimilistæki en hálf-varanlegar vörur eru t.d. fatnaður og skór). Annar stór áhrifaþáttur var stóraukinn innflutningur á farartækjum. Íslendingar hafa nýtt sér hagstætt gengi til að kaupa bíla í stórum stíl og hefur innflutningur á bílum sjaldan eða aldrei verið meiri en á þessu ári. Bilainnflutningur náði hámarki í júní þegar flutt var inn fyrir um 3,3 milljarða króna en á haust- og vetrarmánuðum hefur inn-flutningsverðmætið verið í kringum 2 milljarða á mánuði.

Á heildina liðið nam innflutningur fyrstu 11 mánuði þessa árs 262 milljörðum króna. Ef bráðabirgðamati desembermánaðar er bætt við verður heildarinnflutningur á árinu í kringum 285 milljarðar króna og eru þá skip og flugvélar meðtaldar. Ef bráðabirgðatölur reynast réttar voru fluttar inn mat- og drykkjarvörur fyrir tæplega 20 milljarða króna, neysluvörur fyrir um 47 milljarða króna, hrá- og rekstrarvörur fyrir um 69 milljarða króna, eldsneyti fyrir rúmlega 27 milljarða króna, fjár-festingarvörur fyrir tæpa 67 milljarða króna, flutningatæki fyrir um 53 milljarða króna, þar af nam innflutningur bifreiða um 26 milljörðum króna.

Spá ráðuneytisins fyrir innflutning á árinu, sem birt var í október síðastliðnum, er tæpum sjö milljörðum minni en væntanleg niðurstaða. Möguleg ástæða fyrir þessum mun er hugsanlegt vanmat á eftirspurn eftir innfluttum varningi í tengslum við sterka stöðu krónunnar á lokamánuðum ársins. Ráðuneytið vinnur nú að nýrri þjóðhagsspá sem birt verður í lok mánaðarins.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar (%)	2003-2004	2004-2005
Skatttekjur alls	13,7	21,3
Skattar á tekjur og hagnað	13,3	24,6
Tryggingagjöld	10,3	16,4
Eignarskattar	44,2	31,6
Veltuskattar	12,7	19,5
Tekjur alls	8,0	45,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breytingar (%)	2003-2004	2004-2005
Almenn mál	8,2	4,8
Félagsmál	9,2	6,4
Atvinnumál	1,9	-2,0
Vaxtagjöld	-6,1	35,7
Önnur útgjöld	6,0	63,4
Gjöld alls	6,9	8,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
Milljónir króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-8.177	21.461
Hreinn lánsfjárfjórðuður	9.557	70.420
Afborgun lána	-32.321	-61.597
Br. lánsfjárfjórðuður	-29.639	3.691
Lántökur	27.567	7.734
Greiðsluafkoma	-2.072	11.425

Ýmsar hagtdölur		
12 mánaða breytingar (%)	2003-2004	2004-2005
Verðbólga (des.)	3,9	4,1
Kjarnaverðb. 1 (des.)	3,5	4,6
Launavísitala (nóv.)	5,4	7,3
Heildarvelta (jan.-ág.)	9,6	9,2
Smás.velta (jan.-ág.)	4,3	6,3
Atvinnuleysi (nóv.)	2,8	1,7